

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, en úrlausnarefni hér takmarkað við, hvort lögaregla hefur rennt nægum stöðum að grunsemdum á hendur aðilja, til þess að rétt sé að gera honum að sæta læknisrannsókn í því sambandi og þá nánar að fá með þeim hætti úr því skorið, hvort hinn grunaði hafi fíkniefni fólgin innvortis.

Í kröfugerð lögreglu er vakin athygli á óvenjulegri peningacyðslu hins grunaða á stuttum tíma, smyrslum í hans vörslum, er talin eru geta bent til, að fíkniefni hafi verið gleipt í smurðum verjum, og afturhvarf hins grunaða frá samþykki til læknisrannsóknar.

Með vísan til ofanritaðs svo og 54. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Jens Sigurðssyni, fæddum 11. apríl 1954, að sæta víðeigandi læknisrannsókn í því skyni að ganga úr skugga um, hvort nefndur Jens hefur fólgin fíkniefni innvortis.

Úrskurðarorð:

Jens Sigurðsson, fæddur 11. apríl 1954, skal sæta víðeigandi læknisrannsókn í því skyni að gengið verði úr skugga um, hvort nefndur Jens hefur fíkniefni fólgin innvortis.

Þriðjudaginn 8. febrúar 1983.

Nr. 32/1983. **Ákærvaldið**
gegn
Ottó Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 2. þ. m., sem barst Hæstarétti 3. þ. m.

Er varnaraðili kom fyrir sakadóm 2. þ. m., kvaðst hann vera Jens Sigurðsson, Bergþórugötu 51. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum hefur með bréfi 4. þ. m., er barst Hæstarétti í dag, sent ný

gögn í málinu. Af þeim kemur fram, að varnaraðili er ekki Jens Sigurðsson, heldur tvíburabróðir hans, Ottó Sigurðsson, nafnnúmer 6953-7582, til heimilis að Laugavegi 27 A. Hefur þetta verið sannreynt með samanburði á fingraförum af varnaraðilja og fingraförum teknum af Ottó Sigurðssyni í tæknideild rannsóknarlögreglu ríkisins 19. október 1977.

Ríkissaksóknari hefur í dag sent Hæstarétti greinargerð, þar sem þess er krafist af hálfu ákærvaldsins, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, þannig að Ottó Sigurðsson skuli sæta gæsluvarðhaldi samkvæmt honum.

Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður hefur verið verjandi varnaraðilja 4. þ. m., krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Úrskurður þessi sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta, að varnaraðili, Ottó Sigurðsson, skuli sæta gæsluvarðhaldi 7 daga frá kl. 1330 hinn 2. þ. m. að telja.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Ottó Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi 7 daga frá 2. febrúar 1983, kl. 1330, að telja.

Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 2. febrúar 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 2. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1400 í gær handtók lögreglan í Reykjavík á Keflavíkurflugvelli við komu frá Amsterdam Jens Sigurðsson, fæddan 11. apríl 1954, til heimilis að Bergþórugötu 51 hér í borg, grunaðan um fikniefnamisferli, nánar að hafa slík efni fólgin innvortis.

Kl. 1330 í dag var hér fyrir dómi lögð fram rökstudd krafa lögreglu um, að Jens Sigurðssyni áðurnefndum yrði með úrskurði gert að sæta viðeigandi læknisrannsókn í því skyni að skera úr um ofangreinda grunsemd.

Slikur úrskurður var upp kveðinn hér við embætti fyrir stundu, en af

hálfu úrskurðarþola með kærnu skotið til Hæstaréttar Íslands í því skyni, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur.

Jafnframt og með vísan til kærnu óskudu bæði úrskurðarþoli og réttar-gæslumaður eftir, að framkvæmd úrskurðar yrði frestað, þar til Hæstiréttur Íslands hefði fjallað um úrlausnarefnið.

Úrskurðarbeiðandi, nánar fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, féllst af sinni hálfu á umbeðna frestun framkvæmdar úrskurðar, en taldi vegna eðlis úrskurðar nauðsyn til bera, að nærvera hins grunaða yrði tryggð í þágu rannsóknar máls.

Gerði nefndur fulltrúi með vísan til þess kröfu um, að Jens Sigurðsson yrði úrskurðaður í allt að 7 daga gæsluvarðhald frá kl. 1330 í dag að telja.

NIDURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Jens Sigurðsson fangelsi og ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 því ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi, þótt aðdragandi þeirrar kröfu þyki óvenjulegur.

Með vísan til þessa, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar rétt að verða við framkominni kröfu og gera Jens Sigurðssyni að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá handtöku kl. 1330 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Jens Sigurðsson, fæddur 11. apríl 1954, til heimilis að Bergþórugötu 51 hér í borg, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 7 dögum frá kl. 1330 þann 2. febrúar 1983 að telja.